

Síðanefnd BÍ – Úrskurður í máli nr. 8/2022-2023

Kærandi: Vilhelm Róbert Wessman.

Kærðu: Reynir Traustason, ritstjóri Mannlífs.

Kæruefni: Umfjöllun Mannlífs um kæranda 4. mars 2022, 5. mars 2022 (4 greinar), 6. mars 2022, 7. mars 2022, 17. mars 2022, 18. mars 2022 (4 greinar), 19. mars 2022 (2 greinar), 20. mars 2022, 21. mars 2022, 30. mars 2022, 31. mars 2022, 27. apríl 2022, 8. maí 2022, 17. maí 2022 (tvær greinar), 3. júní 2022, 8. júní 2022, 13. júní 2022, 15. júní 2022, 27. júlí 2022 og 22. ágúst 2022.

Málsmeðferð.

Málið var kært til Síðanefndar með bréfi lögmanns kæranda, dags. 24. ágúst 2022. Leitað var andsvara kærða, sem bárust með bréfi lögmanns kærða, dags. 24. september 2022. Síðanefnd ræddi málið á fundum sínum 27. september, 18. október og 1. nóvember 2022.

Málavextir.

Kærandi lýsir því að kæran lúti að ítrekaðri umfjöllun Mannlífs um sig, sem hann telji að brjóti gegn síðareglum BÍ. Kærandi vísar til úrskurða Síðanefndar í málum nr. 8/2021-2022 og 9/2021-2022 og telur kærða hafa hundsáð að birta þá úrskurði skv. 6. gr. síðareglna og snúið út úr niðurstöðu Síðanefndar í málu, sér til hagsbóta, í þeim tilgangi að villa um fyrir lesendum sínum. Vísar kærandi til þess að honum þyki nauðsynlegt að leggja fram frekari kærur vegna greinarskrifa kærða, sem hann telur brjóta í bága við 5. gr. og 6. gr. síðareglna BÍ vegna þess að kærði eða félög tengd honum hafi gegn greiðslu og/eða öðrum fyrirheitum frá Halldóri Kristmannssyni eða félögum tengdum honum, leyft þriðja aðila að hafa áhrif á hagsmunamat sitt við greinaskrif og þannig rofið trúnað sinn gagnvart lesendum.

Nánar tilgreinir kærandi eftirtalin atvik:

1. Grein, birt í Mannlífi 4. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Skýlaus játning vegna Mannlífsmálsins. „Ég biðst afsökunar.““
2. Grein, birt í Mannlífi 5. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Kristjón Kormákur ræddi innbrotið við Róbert Wessman og sagðist vera með tölvuna: „Farðu varlega.““
3. Grein, birt í Mannlífi 5. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Lára og Ómar sögðu ósatt.“
4. Grein, birt í Mannlífi 5. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Twitter logar eftir játningu Kristjóns Kormáks – „Hvaða vídd er ég í. Hvar er útgangur?““
5. Grein, birt í Mannlífi 5. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Viðbrögð Láru Ómarsdóttur við játningu Kristjóns: „Leyfðu mér að taka kaffi og

smá ristabrauð. “ “

6. Grein, birt í Mannlífi 6. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Róbert Wessman fagnar játningu Kristjóns: Staðfestir símtöl eftir innbrot en þrætir fyrir vitorð.“
7. Grein, birt í Mannlífi 7. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Ólafur lögmaður hafði milligöngu en sver Róbert Wessman af sér: „U, það kemur þér bara ekkert við.“ “
8. Grein, birt í Mannlífi 17. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Tvö símtöl Róberts Wessman og milljón millifærð eftir innbrotið.“
9. Grein, birt í Mannlífi 18. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Þjónusta Kristjóns Kormáks við auðmanninn: „Ég hafði látið Róbert fá gögn innan úr Mannlífskerfinu.“ “
10. Grein, birt í Mannlífi 18. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Ólafur lögmaður Róberts er tvísaga: Viðurkennir milljónagreiðslur til Kristjóns eftir innbrotið.“
11. Grein, birt í Mannlífi 18. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Viðkvæmur póstur Láru og Róberts til ritstjóra Mannlífs: „KKG er ræfill sem getur ekki deliverað.“ “
12. Grein, birt í Mannlífi 18. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Kristjón's services to the billionaire: „I handed data from Mannlíf's system to Robert.“ “
13. Grein, birt í Mannlífi 19. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Kristjón fékk peninga frá lögmanni Roberts eftir innbrot: Henti gömlu símunum til að fela slóðina.“
14. Grein, birt í Mannlífi 19. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Ólafur, Robert's lawyer, admits to millions in wire transfers to Kristjón after the brake-in.“
15. Grein, birt í Mannlífi 20. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Búið að nota mig af auðkýfingi.“
16. Grein, birt í Mannlífi 21. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„Lítilmennska Róberts Wessman.“
17. Grein, birt í Mannlífi 30. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„One of the biggest compensatory damages in Iceland's history: Reopening of the case denied.“
18. Grein, birt í Mannlífi 31. mars 2022, undir yfirskriftinni:
„The editor of Mannlíf files charges against Robert Wessman.“

19. Grein, birt í Mannlífi 27. apríl 2022, undir yfirskriftinni:
„Róbert Wessman var með stór áform um útgáfu: Enginn þorði að gefa út bókina um Björgólf Thor.“
20. Grein, birt í Mannlífi 8. maí 2022, undir yfirskriftinni:
„Róbert Wessman fluttur úr landi: Arnarneshöllin seld á miklum „afslætti“ til samstarfsmanns.“
21. Grein, birt í Mannlífi 17. maí 2022, undir yfirskriftinni:
„Lögreglan hefur enn ekki yfirheyrt Róbert Wessman: „Það er ekki búð að því.““
22. Grein, birt í Mannlífi 17. maí 2022, undir yfirskriftinni:
„Police has not yet questioned Robert Wessman: No, they have not.“
23. Grein, birt í Mannlífi 3. júní 2022, undir yfirskriftinni:
„Mannlíf ekki brotlegt gegn auðmanninum Róberti Wessman: Engar staðreyndavillur í umfjöllun.“
24. Grein, birt í Mannlífi 8. júní 2022, undir yfirskriftinni:
„Billionaire Róbert Wessman’s complaint against Mannlíf dismissed: No factual errors in coverage.“
25. Grein, birt í Mannlífi 13. júní 2022, undir yfirskriftinni:
„Ekki staðreyndavillur í umfjöllun Mannlífs um auðmanninn Róbert Wessman. Síðanefnd sýknar Trausta.“
26. Grein, birt í Mannlífi 15. júní 2022, undir yfirskriftinni:
„Leynisímtöl Róberts Wessman – hverjum klukkan glymur.“
27. Grein, birt í Mannlífi 27. júlí 2022, undir yfirskriftinni:
„Andri kaupir Arnarneshöll Róberts Wessman – Jóhann græddi 20milljónir á braskinu.“
28. Grein, birt í Mannlífi 22. ágúst 2022, undir yfirskriftinni:
„Hrakmenn með peninga að vopni.“

Kærandi vísar til þess að hann telji að öll framangreind umfjöllun hafi verið sett fram í þeim eina tilgangi að skaða orðspor kæranda og að hún sé hluti af þeirri „herferð“ sem kærði hafi tekið að sér að standa að gegn greiðslu frá Halldóri Kristmannssyni. Kærandi vísar til þess að hann hafni allri framangreindri umfjöllunum Mannlífs sem efnislega rangri. Þá hafi hann leitast við að svara fyrirspurnum Mannlífs og krafist leiðréttingar eftir atvikum. Kærandi bendir hinsvegar á, að vegna þess að umfjöllunin hafi verið viðamikil og efnislega röng hafi það verið annmörkum háð að elta ólar við öll atriði. Kærandi vill því að Síðanefnd geri undanþágu frá leiðréttingarkröfum í þeim tilvikum þar sem þeim hefur ekki verið komið á framfæri. Þá vísar kærandi til þess að um ítrekuð brot sé að ræða og þess krafist að Síðanefnd meti brot kærða vera mjög alvarleg og bendir jafnframt á að fullt tilefni sé til að boðað verði til félagsfundar og að kærði verði þar ávítaður.

Lögmaður kærða færði fram andsvör með bréfi, dags. 24. september 2022. Telur kærði að markmið kærunnar og fyrri kærúmála hafi verið að þagga niður umfjöllun um málefni sem

varða kæranda og erindi eigi við almenning. Telur kærði aðgerðir kæranda gegn kærða og fjölmiðlum sem hann ritstýrir vera fordæmalausar. Þá gerir kærði kröfu til að vísa beri kæruliðum 1-26 frá Siðanefnd þar sem liðir voru meira en tveir mánuðir frá birtingu þeirra þegar kæra barst Siðanefnd. Þá vísar kærði til þess að hinar kærðu umfjallanir séu ritstjórnarefni, sem ekki eigi undir Siðanefnd.

Umfjöllun.

Með úrskurðum í málun nr. 8/2021-2022 og 9 /2021-2022, sem upp voru kveðnir 31. maí 2022, komst Siðanefnd að þeirri niðurstöðu að með móttöku fjármuna frá Halldóri Kristmannssyni, vegna bókarskrifa um kæranda, hafi kærði orðið vanhæfur til að fjalla um málefni kæranda í fréttamiðli með þeim hætti sem hin kærða umfjöllun var sett fram enda hafi honum borið skv. 5. gr. siðareglna að varast slíka hagnunaárekstra.

Siðanefnd fellst á að í grein sem birtist 22. ágúst 2022, sbr. kærulið 28, hafi komið fram skoðanir höfundar en ekki fréttæfni enda virðist kærandi vera sammála því með því að kalla hana leiðara. Siðanefnd hefur ítrekað talið í fyrri úrskurðum að slík skrif séu utan hlutverks hennar. Aðrar greinar eru ekki afmarkaðar sem ritstjórnarefni og hafa yfirbragð fréttæfnis.

Siðanefnd telur að með hinum kærðu greinarskrifum, öðrum en skv. kærulið 28, hafi kærði áfram brotið gegn 5. gr. siðareglna að því er varðar þá umfjöllun, sem þar er að finna um kæranda. Að fenginni þessari niðurstöðu telur Siðanefnd hvorki vera efni til að taka efnislega afstöðu til einstakra kærutriða né að taka afstöðu til þess hvort kærandi hafi leitað eftir leiðréttingu hjá fjölmiðlinum í einstökum tilfellum. Varðandi það hvort kæra sé of seint fram komin vegna einstakra atriða er litið til 3. mgr. 6. gr. siðareglna um að Siðanefnd skuli kanna heildarumfjöllun um mál og telur Siðanefnd að í hinum kærðu ummælum felist samfelld umfjöllun um kærða.

Kærutriði 1 – 22 varða umfjöllun í miðlinum frá 4. mars 2022 til 17. maí 2022 en fyrrgreindir úrskurðir Siðanefndar voru upp kveðnir eftir þann tíma eða 31. maí 2022. Siðanefnd telur þær greinar, sem merktar eru kærða, vera alvarlegt brot á siðareglum með sama hætti og í fyrri úrskurðum. Greinar nr. 23 - 27, frá 3. júní 2022 til 27. júlí 2022, sem merktar eru kærða, eru hins vegar birtar eftir uppkvaðningu úrskurðanna og eru því ítrekun á brotum gegn siðareglum. Siðanefnd telur að skrif og birting kærða á þeim greinum vera mjög alvarlegt brot á siðareglum.

Eftir uppkvaðningu úrskurða Siðanefndar í framangreindum málum 31. maí 2022, ritaði kærði svokallaðan „fyrirvara“ eftir greinum, sem birtust frá 13. júní 2002, sbr. kæruliði 25 – 27, þess efnis að kærandi ynni að ritun bókar um kæranda. Siðanefnd telur það engu breyta um brot kærða.


Það athugast að samkvæmt 4. mgr. 6. gr. siðareglna skal birta úrskurði Siðanefndar í félagstíðindum BÍ og senda þá viðkomandi fjölmiðli með ósk um birtingu ef um brot samkvæmt skilgreiningu b) og c) liðar málsgreinarinnar er að ræða. Nær undantekningalaust hafa fjölmiðlar orðið við slíkum óskum Siðanefndar. Mannlíf hefur hins vegar ekki birt niðurstöður Siðanefndar í málum nr. 8/2021-2022 og 9 /2021-2022, þrátt fyrir beiðni þar að lútandi frá Siðanefnd. Af framangreindu ákvæði siðareglna verður ekki ályktað að fréttamiðlum sé fortakslaust skylt að birta úrskurði Siðanefndar. Verður það því ekki talið brot á siðareglum.

Siðanefnd tekur ekki afstöðu til þeirrar ábendingar kæranda um að fullt tilefni sé til að boðað verði til félagsfundar og að kærði verði þar ávittur enda tekur stjórn BÍ ákvörðun um það skv. 5. mgr. 6. gr. siðareglna.


Úrskurður.

Kærði, Reynir Traustason telst hafa brotið siðareglur BÍ. Brotið er alvarlegt vegna kæruliða 1 til 22 en mjög alvarlegt varðandi kæruliði 23 til 27.


Reykjavík, 1. nóvember 2022.




Friðrik Þór Guðmundsson



Ásgeir Þór Árnason



Emma Björg Eyjólfsdóttir



Pálmi Jónasson



Valgerður Anna Jóhannsdóttir